

Undirbúningur

- Vinnan hófst 2017
- Ráðgjöf innlendra og erlendra sérfræðinga

Samstarf, samvinna lærdómssamfélag – skapa vettvang til að miðla þekkingu

Þróa gott skóla- og frístundastarf – heildarsýn ekki samkeppni

Greina áskoranir og þróa lausnir í samvinnu við þá sem hafa reynslu og þekkingu


Ekki verkefni heldur vegferð (project – process)

Breytingar gerast á hraða traustsins

Hvað stöndum við fyrir?

- Víðtækt samráð í undirbúningsferlinu
- Samþykkt í Borgarráði 20. nóvember 2018
- Mótun menntastefnu – forsagan

<https://reykjavik.is/forsaga-menntastefnunnar-latum-draumana-raetast>




FRAMTÍÐARSÝN

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Tilgangur og áskoranir

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags.

Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.



LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi

Menntastefnan hverfist um barnið sjálft


Stefnan byggir á grunnstefum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.

Hvílir á aðalnámskrám og nógildandi stefnum borgarinnar

Uppeldi og menntun samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti.

Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni til að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings þar sem fjölbreytileikanum er tekið fagnandi



LEIÐARLJÓÐS

Fagmennska og samstarf í öndvegi

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti.

Hlutverk starfsfólks er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningarlegu, fjölbjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Þörf fyrir að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglunga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra.

Mikilvægt að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks og veita því rík tækifæri til starfsþróunar, markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.



Meginmarkmið


Að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.




FÉLAGSFÆRNI

Samfélagsleg ábyrgð
og virkni



SJÁLFSEFLING

Sterk sjálfsmynd og
trú á eigin getu




LÆSI

Pekking og skilningur
á samfélagi og umhverfi



HEILBRIGÐI

Heilbrigður lífsstíll
og vellíðan




SKÖPUN

Skapandi hugur
og hönd

Menntastefna til 2030 - fyrsti hluti 2019-2022

Samhengi stefnuþátta menntastefnu



Heimild: Capacent



ALMENNAR AÐGERÐIR 2019-2021

Rík áhersla lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en síst með virkri þátttöku barna og unglunga



Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður mat lagt á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar

Þegar er byrjað að vinna að innleiðingu almennra aðgerða og eru nokkrar þeirra komnar til framkvæmda



ALMENNAR AÐGERÐIR SEM ÞEGAR ERU KOMNAR TIL FRAMKVÆMDAR

- Nýjar reglur um þróunar- og nýsköpunarsjóðinn „Látum draumana rætast“ hafa þegar verið samþykktar í Borgarráði
- Sett hefur verið á fót Nýsköpunarmiðja menntamála sem veitir starfsstöðum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar.
- Unnið að gagnvirkum samstarfssamningi við Menntavísindasvið sem felur í sér símenntun, starfsþróun og faglega leiðsögn af hálfu MVS um leið og starfsemi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar verður gerð sýnilegri í starfi sviðsins
- Ráðinn hefur verið verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja sem styður starfsstaði við að vinna að styrkjaumsóknum



ALMENNAR AÐGERÐIR 2019-2021

- Efla málproska, læsi og lestrarskilning
- Einfalda stoðkerfi, samþætta verklag skólaþjónustu og stuðnings og draga úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga
- Auka vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar
- Tryggja jafnari tækifæri og aðgang að list og verknámi
- Bæta húsnæði og aðstöðu til skóla- og frístundastarfs
- Innleiða heildstæða nýtingu stafrænnar tækni, bæta búnað, efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni
- Fjölga fagmenntuðu starfsfólki í samvinnu við menntamálayfirvöld, háskóla og kennarasamtök
- Veita starfsfólki SFS ríkari tækifæri til starfspróunar og tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn í starfi